

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Bergs Einarssonar 125
fyrirv. bónda að Núpi í Dýrafirði“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 3. júlí 1939, 3. júlí
af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Bergs Einarssonar fyrirv. bónda að Núpi í Dýrafirði.

Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — króna gjöf frá forseta Fiskifélags Íslands, Kristjáni Bergssyni í Reykjavík, til minningar um Berg Einarsson (föður gefanda) og heitir: Minningarsjóður Bergs Einarssonar.

1. gr.

Saman við þennan höfuðstól renna og árlegir viðlagsvextir: $\frac{2}{5}$ ársvaxta sjóðsins, einnig verðlaunavextir, ef eigi ganga út samkv. ákvæðum 3. og 4. gr., svo og ef sjóðnum berast aðrar gjafir.

2. gr.

Sjóðinn skal geyma og ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Höfuðstólinn má aldrei skerða.

3. gr.

Til þess tíma, er sjóðurinn nær 2000 króna upphæð, má árlega verja $\frac{3}{5}$ ársvaxta hans til að verðlauna ritgerð nemanda héraðsskólans á Núpi í Dýrafirði áhrærandi atvinnulíf Íslendinga, eftir þessum reglum:

- Síðari hluta vetrar gefur skólastjóri nemendum kost á að keppa um verðlaun fyrir ritgerð um ofangreint efni (sjálfvalið hverja grein þess). Sé sú ritgerð lögð fram nafnlaus, en auðkennd, við vorpróf skólans og undir dóm prófdómenda og skólastjóra.
- Til verðlaunanna útheimtist, að meiri hluti dómara áliti ritgerðina þeirra verða. Skal hún birt í einhverju af atvinnumálaritum landsins, sé þess kostur, og hennar getið í skólaskýrslu eða tímariti héraðsskólanna. Komi við vorpróf engin ritgerð fram, sem dæmist til verðlaunanna, fer um verðlaunaféð samkvæmt 1. gr.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 2000 krónur skal eigi varið meiru en 30 kr. til verðlaunanna. En þá getur sjóðurinn við og við styrkt vel gáfaðan og siðprúðan en fátækan nemanda skólans til frekara náms í einhverri atvinnugrein, þó aldrei meira en nemi því, sem lagt hefir verið fyrir af ársvöxtunum á næstliðnum 3 árum.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn yfir 5000 krónur má stjórn hans gera nýja ráðstöfun um hjálp hans til atvinnuframa, en ávallt í sambandi við skólann, sem hann tilheyrir, og nemendur hans, sbr. þó 2. gr. Auk þess er áskilið, að slík breyting á skipulagsskránni öðlist konungsstaðfestingu.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skólanefnd héraðsskólans á Núpi og forstöðumaður skólans. Skal forstöðumaður annast ráðstafanir og reikningshald sjóðsins undir eftirliti skólanefndar.

125

3. júlí

7. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagskrána, samþykktir sjóðsstjórnar, umsóknir um styrk úr sjóðnum þegar til kemur, styrkveitingar og allt annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

Sjóðstjórninni ber enn fremur að færa bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

8. gr.

Endurskoðendur skólareikninga héraðsskólans skulu endurskoða reikninga sjóðsins, og ber að láta þá fylgja skólareikningunum til endurskoðunar ár hvert. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

9. gr.

Ársreikningar sjóðsins með árituðum athugasemdum endurskoðenda skulu birtar í skólaskýrslum héraðsskólans á Núpi eða í timariti héraðsskólanna.

10. gr.

Leggist héraðsskólinn á Núpi niður, verður sjóður þessi eign annars skóla innan Dýrafjarðar, sem starfar á líkum grundvelli eða annars unglingaskóla í Dýrafirði.

11. gr.

Skólanefnd héraðsskólans á Núpi tekur að sér að annast um hirðingu og blóma-gróður á leiði Bergs bónda Einarssonar, sem umgirt er í Núpskirkjugarði.

12. gr.

Leitað skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Núpi, 24. maí 1939.

Skólanefnd héraðsskóla Vestfjarða að Núpi.

B. Guðmundsson
(skólastjóri).

Örnólfur Valdimarsson.

Eiríkur Þorsteinsson.

Halldór Kristjánsson.

Eiríkur J. Eiríksson.

126

6. júlí

AUGLÝSING

um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum.

Samkvæmt lögum nr. 10 1. febr. 1936, um heimild fyrir ríkisstjórnina til íhlutunar um sölu og útflutning á ýmsum íslenskum afurðum, verða þeir, sem óska að bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda hverskonar lýsi, síldarmjöl, fiskmjöl, beinamjöl, gærur, skinn eða ull, að fá til þess leyfi viðskiptamálaráðuneytisins.

Enn fremur verða þeir, sem óska, að bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda hrogn, harðfisk eða lax, að fá til þess leyfi fiskimálanefndar.

Umsóknnum skulu fylgja upplýsingar um verð vörunnar og til hvaða lands á að selja hana.

Brot á ákvæðum þessum varða sektum samkvæmt lögum.

Fyrri auglýsingar um þetta efni eru hurtu fallnar.

Viðskiptamálaráðuneytið, 6. júlí 1939.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Torfi Jóhannsson.